

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 10.12.2020**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík, kl 11:00

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson. Þór Agnarsson, og Hjörtur Guðnason.

### **Dagskrá fundar:**

1. Fundargerð síðasta fundar kynnt og borin upp .
2. Staðan í Skálholti
3. Styrkir.
4. Staða fjármála.
5. Önnur mál.

### **2. Fundargerð síðasta fundar:**

Engar athugasemdir voru gerðar við síðustu fundargerð.

### **2. Skálholt:**

Staðan er þannig að heildarteikning af framkvæmdum í Gestastofu er samþykkt, en verið er að skoða hvernig sé með eldri lagnir áður-en byrjað verður. Stjórnin ákvað að funda sérstaklega og reglulega eftir áramót vegna þessara mála og fá ýmsa vana aðila til skrafs og ráðagerða. Skálholt á bækur sem prentaðar hafa verið í flestum prentsmiðjum landsins, sem gætu verið hluti af þróunarsögunni. Skálholt á gamalt letur frá þeim tíma er rekin var prentsmiðja á staðnum seint á 17. öld og í upphafi þeirrar 18.

### **3. Styrkir:**

Skrifað hefur verið undir samning við Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga, sem mun fara í byrjun á hönnun og val á sýningagripum. Fengum synjum frá Landsbanka Íslands en beðið er svara frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Fjárlaganefnd Alþingis um styrk til frágangs á húsnæðinu á Skálholti. Einnig höfum við sótt um styrk til Seðlabankans sem er í ferli.

### **4. Staða fjármála:**

Gjaldkeri tjáði okkur að Svanur væri kraftaverka maður við öflun styrkja og mættum við taka hann til fyrirmyndar. Við eigum núna rekstrarfé næstu 6-7 mánuði.

### **Önnur mál:**

Hjörtur kom með þá hugmynd að við myndum skoða svipuð söfn sem menn hefðu komið á fót með einka framtaki og kanna hvernig hefði verið staðið að slíku. Menn tóku vel í þetta og munu skoða í hópnum sem byrjar huga að Skálholts sýningu.

Grímur stakk upp á að tala við Félag íslenskra teiknara kanna hvort félagsmenn þess hefðu áhuga á að koma að undirbúningi sýningarinnar. Ennfremur að bjóða Goddi á fund til skrafs og ráðagerða.

Á fundinum var tekið á móti skrifborði sem verið hafði í Gutenberg og gefið safninu.

Fundi slitið 11:40